

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.11.2016

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 03.11.2016

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Styrkbeiðni frá Snorraverkefni
2. Styrkbeiðni USAH
3. Bókhaldskerfi
4. Fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun
5. Önnur mál

1. Borist hefur beiðni um styrk v/Snorraverkefni 2017. Beiðni hafnað.
2. Stjórn USAH óskar eftir styrk að upphæð kr. 80.000 v/2017 . Beiðni samþykkt.
3. Rætt var tilboð í bókhaldskerfi frá Dk hugbúnaði. Einnig hefur komið til tals að láta KPMG gera tilboð í skráningu á bókhaldi. Oddvita falið að láta gera tilboð í bókhald sveitarfélagsins ásamt ársreikningi til tveggja ára.
4. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Fjárhagsáætlun vísað til seinni umræðu.

Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2020. Fjárhagsáætlun vísað til seinni umræðu.

5. Önnur mál

Rætt var um útbúa gjaldskrá vegna framkvæmdaleyfa og byggingaleyfa. Oddvita falið að gera drög að gjaldskrá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, fundi slitið 17,30